

### Þingsályktun

#### um heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar.

Alþingi ályktar að senda litáísku þjóðinni heillaóskir vegna sjálfstæðisyfirlýsingar Litáens sem þjóðþingið samþykkti í gær.

Alþingi telur að sjálfsforræði þjóða með lýðræðiskjörnum þingum sé grundvöllur frjálsra samskipta og stuðli að friði í heiminum.

Alþingi fagnar því endurheimt sjálfstæðis Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðiskjörna fulltrúa þess.

*Samþykkt á Alþingi 12. mars 1990.*